

## MINNINGAR

GUÐMUNDUR  
GUÐMUNDSSON

Látinn er heiðursmaður, Sveinn Jónsson vélstjóri, og einn af frumkvöðlum nútíma kælítækni hér á landi. Hann var, að öllum öðrum ólöstuðum, sá maður sem aflaði sér meistar þekkingar á þeirri kælítækni sem oft er kölluð freon-kælítækni. Hann var ennfremur, og aftur að öllum öðrum ólöstuðum, sá maður sem mest hefur miðlað sinni þekkingu til þeirra kælítækni-manna sem áhuga höfðu á að til-einka sér „fræðin“ eins og hann gjarna nefndi kælítækni-fræðin.

En það sem mest er um vert, og eftir situr í minningunni, hann var góðmenni.

Ekki gat hann leitað víða í smíðju hér og því hafði hann að mestu leyti aflað sinnar tækniþekkingar með lestri bóka og tæknitimarita sem hann komst yfir frá alls konar erlendum bókaútgáfum og samtökum kælímanna, sérstaklega frá Ameríku, en það var þar sem hlutirnir gerðust á þeim árum sem Sveinn var að byrja sitt bras við kælikerfi sem jafnframt varð hans ævistarf. Það starf er orðið langt og heilla-drjúgt fyrir íslenska kælítækni og ekki er ofmælt að flestir ef ekki allir núlífandi kælímenn sem eru komnir yfir miðjan aldur hafi einhvern tíma starfað hjá honum eða notið hans tilsagnar á einhvern hátt. Og eitt er víst, að ekki lá Sveinn á sinni þekkingu hvort sem eftir leituðu hans starfsmenn eða beinir keppinautar í viðskiptum.

Undirritaður var starfsmaður Sveins rúma tvo áratugi og þar af leiddandi leita ýmsar minningar á hugann við þessi skrif, okkar samstarf varð fljótlega náð og honum tókst að smita mig af þessari kælíbakteríu þannig að hún grasserar enn.

Ég nefndi brasíð hans Sveins þegar hann var að byrja, auðvitað var þetta bras, ekkert til, ekkert hægt að kaupa úti í búð, allt varð að nýta, gamalt og jafnvel hálf ónýtt, sennilega skildum við yngri mennirnir þetta ekki og áttum oft erfitt með að átta okkur á hvers vegna allt þurfti að geyma, en það varð nú samt stundum svo að gott var að geta gripið til varahluta strax, þótt notaðir væru, því kælikerfin eru nú einu sinni þannig að verði bilun, þá er gert við í dag, ekki á morgun eða eftir helgi. Þetta allt vissi Sveinn auðvitað manna best og það er mikill munur á deginum í dag og þegar ég byrjaði í brasinu með honum Sveini árið 1962.

Sveinn vann mörg verkefni fyrir herinn á Keflavíkurflugvelli á þeim árum sem uppbygging var sem mest þar og varð hann að vinna eftir ströngustu kröfum hersins og sagði hann að það hafi verið sá skóli sem kenndi honum að meðhöndla kælikerfi á þann hátt sem þarf og það hafi ekki alltaf gengið þrautalaust að fullnægja öllum kröfum um vinnulag og prófanir sem þar voru fram settar. Við sem seinna unnum hjá honum fengum stundum frá honum athugasemdir sem hann setti fram á sinn hátt, að þetta væri nú ekki eftir „amerísku reglunum“. Við vissum hvað hann var að meina.

Mikið starf hefur Sveinn lagt af mörkum varðandi verndun óson-lagsins og hefur hann fornað miklum tíma til kynningar á nýjum kæliefnum sem mættu koma í stað hinna gömlu freon-efna og enn kom í ljós hve mikla áherslu hann lagði á að fræða kælímenn og ekki síst stjórnvöld um hin nýju efni, kosti þeirra og galla, bæði kælítæknilega séð og margbreytileg umhverfisáhrif. En honum fannst stundum lítil skilningur á þessum hlutum.

En hann Sveinn las ekki eingöngu bækur um „fræðin“ áður nefndu heldur var hann víðlesinn á aðrar bókmenntir og átti auðvelt með að vitna í ýmsar sögur og ekki síst það spaugilega sem þar var. Hann hafði gaman af að senda frá sér stökur og jafnvel heilu ljóða-bálkana, og þar er stutt í gleðtina. Ég er þakklátur fyrir mína sam-veru með Sveini Jónssyni.

Við fjölskylda mín sendum Ester og fjölskylda hennar samúðar-kveðjur.

Erling Hermannsson.

## Guðmundur

Guðmundsson fæddist á Hrauni í Grindavík 30. október 1902. Hann lést á Heilsugæslustöð Sudurnesja 11. apríl síðastliðinn. Foreldrar hans voru hjónin Guðlaug Sveinsdóttir, f. 24.2. 1859 á Raufarfelli undir Eyjafjöllum, d. 9.7. 1914, og Guðmundur Loftsson, f. 14.9. 1833 á Vestri Klasbarða í Landeyjum, d. 19.1. 1920. Systkini Guðmundar voru Anna, f. 16.5. 1886, er lést 1907, Loftur, f. 2.7. 1888, er lést 1928, og Sveinn, f. 2.7. 1891, er lést 1991. Guðmundur átti tvær hálfystur er fóru til Kanada um aldamótin 1900, Önnu og Sólveigu Guðmundsdætur, og létust þær þar. Guðmundur giftist 1925 Guðrúnu Guðmundsdóttur frá Akrahóli á Miðnesi, f. 12. júlí 1902, d. 6. mars 1987. Börn Guðmundar og Guðrúnar eru: 1) Kristmann, f. 30.8. 1925, maki Snjólaug Sigfúsdóttir, og eiga þau fimm börn, Sigfús, Guðmund Rúnar, Sigurlaugu, Guðrúnu og Kristján. 2) Sólveig Helga, f. 21.5. 1928, d. 30.12. 1935. 3) Guðmundur L., f. 28.10. 1929, ókvæntur og barnlaus. 4) Sigurður B., f. 6.7. 1931, maki Marta Baldvinsdóttir, og eiga þau nú börn, Guðmund, Baldvin, Stefán Þór, Jón Gunnar,



## Ægi, Bjarka,

Smára, Önnu Guðnýju og Guðrúnu. 5) Sigurbjörg, f. 24.8. 1934, maki Haraldur Sveinsson, og eiga þau fimm börn, Guðmund Gunnar, Guðbjörgu, Sigrúnu Hjördísi, Harald Birgi og Helga. 6) Guðlaug Helga, f. 1.4. 1937, maki Kjartan Björnsson, og eiga þau þrjú börn, Þóru Jóhönnu, Björn og

Guðrúnu Guðmundu. 7) Sigrún Guðný, f. 6.8. 1938, maki Jóhann Gunnar Jónsson (lést 1982), og áttu þau fimm börn, Guðrúnu, Jón, Kristþór, Guðmund Guðlaug og Þjóðbjörgu. Sigrún er í sambúð með Guðmundi H. Ákasyni. 8) Sólmundur Rúnar, f. 20.6. 1943, í sambúð með Perlu C. Rotruamsin, barnlaus.

Guðmundur ólst upp í Grindavík en kom að Bala á Stafnesi á Miðnesi 1914 og var tekinn í fóstur af Daða Jónssyni og Helgu Loftsdóttur, föðursystur sinni, en þau bjuggu þá á Bala. Guðmundur bjó alla tíð síðan á Bala, þar sem hann stundaði búskap og sjósókn, að undanskilinni skammri dvöl í Keflavík ásamt konu sinni og börnum um miðjan fjórða áratuginn. Útför Guðmundar fer fram frá Hvalsneskirkju í dag og hefst athöfnin klukkan 14.

Í dag er til moldar borinn afi minn í móðurætt, Guðmundur Guðmundsson frá Bala á Stafnesi. Hann lést að morgni sunnudagsins 11. apríl sl. á nútugasta og sjöunda aldursári. Með fráfalli afa hriktir umtalsvert í hinum fastari punktum tilverunnar hvað mig snertir því ég hef átt með honum sameið allt frá því er ég man eftir mér. Hann var með áreiðanlegustu og traustustu mönnum sem ég hef fyrirhitt, hann lagði sér sínar lífsreglur, er byggðust á hjargfastri trú, og hélt sig við þær. Það hlýtur að vera gæfa sérhvers manns að setja sér göfug markmið öðrum til eftirbreytni, einkum ef honum tekst að fylgja þeim sjálfur. Markmið er byggja á heiðarleika, hógvæð, samvirksemi, sanngirni, manngæsku og reglusemi. Allt þetta og margt fleira hafði afi til að bera.

Amma og afi á Bala voru afar samhent hjón. Amma, Guðrún Guðmundsdóttir frá Akrahóli í Hvalsneshverfi á Miðnesi, var jafnaldri og fermingarsýsir afa og giftust þau um miðjan þriðja áratuginn. Þeirra sambúð byggðist á gagnkvæmri ást og trausti hvort á öðru og heyrði ég þau aldrei sundurorða. Þau urðu fyrir alvarlegu áfalli í brunanum mikla á jóla-skemmtun í Keflavík um miðjan fjórða áratuginn þegar næstelsta barn þeirra, Sólveig Helga, fórst. Einnig fékk mikið á þau þegar tog-arinn Jón forseti fórst nánast uppi í landsteinum út af Stafnesi 1927. Lífið hefur því ekki alltaf verið neinn dans á rósum, en líklega hefur þetta þjappað þeim betur saman og gert þau að þeim einstaklega samhentu hjónum sem ég kynntist. Amma lést 1987 og held ég að það hafi orðið afa þungbær missir. En hann harkaði af sér af æðruleysi og sinni alkunnu glaðvæð og jákvæða viðhorfi og hélt sínu striki. Hann var mjög heilsuhausur alla tíð og mjög ósérhlífinn til allrar vinnu. T.d. man ég hann 92 ára á dráttarvél að raka saman heyi af svo miklum krafti að hann mátti varla vera að að nema staðar og heilsa upp á dótturson sinn og nafna. Hann hafði gaman af vinnu og söng gjarnan við raust við vinnu sína.

Ég man þá tíð vel þegar allir sem vettlingi gátu valdið fóru í heyskap hjá afa og ömmu á sólríkum sumaröögum og var það ætíð mikið tilhlökkunarefni okkur barnabörnunum. Þá var nú oft kátt á hjalla. Heyskapurinn var þá lítt vélvæddur og notuðust menn við hrifur og heykvislar. Gestrisin voru afi og amma með afbrigðum og kom það sér vel að loknum kappsumum vinnudegi fyrir lúnar hendur og svanga munna.

Afi stundaði bæði sjósókn og hefðbundinn landbúnað á jörð sinni á Bala á Stafnesi, ekki stórra jörð á mælikvarða íslenskra stórbúa í dag, en nægilega stórra þó til að geta framfleytt sér og sinni fjölskyldu. Til þess þurfti hann að beita meðfæddu hyggjuviti og þeirri útsjónarsemi og lagni sem honum var í blóð borin. Hann hélt kindur og kýr, stundaði eggjaframleiðslu, auk þess sem hann framleiddi kartöflur og rófur í töluverðum mæli, og gekk búskapurinn vel. Jafnframt þessu stundaði hann sjósókn. Ég fékk að taka þátt í og kynnst öllum þessum þáttum því ég naut þeirra forréttinda að fá að vera í „sveit“ hjá afa og ömmu í þrjú sumur, að vísu ekki nema í rúmlega einnar klst. göngufæri frá heimili mínu í Sandgerði. Þarna fékk ég að kynnst ýmsum starfsháttum er tíðkast bæði til sjós og lands.

Ég var fremur matvandur krakki, einkum á fisk og sjávarfang, en afi sá við því. Hann vissi að mér þótti góð kæst skata og lagði til og verkaði nokkur skötubörð sem ég þreifst vel á fyrsta sumarið. Og varðandi það að vilja ekki drekka beljumjólk þá setti hann mér það skilyrði að drykki ég hana ekki yrði ég umsvifalaust sendur heim. Þarna upplífið ég þrjú afar lærdómsrík og skemmtileg sumur á Bala hjá afa og ömmu. Og ekki spilti það heldur fyrir að hafa aðgang að öðru heimilisfólki á Bala, þeim Lolla og Rúnari. Þetta voru þvilkar þeir af manni sem við barnabörnin höndumst að í hópum. Óendanlegir möguleikar voru fyrir hendi, ganga á reka, fara á skytteri, í eggjaleit, á sjó, í bílferðir, spjalla saman og svona

mætti lengi telja. Einnig var afar lærdómsrík að fá að taka til hendinni við vinnu með þessu hörkuduglega og ósérhlífna fólki og læra af því þeirra sjónarmið og vönduð viðhorf til fjölmargra hluta.

Afi var glaðvæur maður og skemmtilegur, í meðallagi hárr, kvikur og vel á sig kominn. Hann var þrýðilega vel gefinn, fróður og vel lesinn. Hann var mikil uppspretta upplýsinga er varða starfs-hætti og aðstöðu manna við sjósókn og sjávarhætti á Stafnesi allt frá upphafi þessarar aldar. Var oft leitað í smíðju hans um upplýsingar og eigin reynslu því að lútandi. Hann var mjög laghentur og mikill dugnaðarforkur, heilsuhausur og féll aldrei verk úr hendi. Hann hafði alla þá kosti til að bera er þrýða góðan verk- og búmann. Honum var treyst fyrir margvíslegum trúnaðarstörfum og var m.a. formaður sóknarnefndar Hvalsneskirkju og meðhjálpari.

Afa minn kveð ég með miklum söknuði, en jafnframt mikilli ánægju og þakklæti. Trega yfir að hann skuli nú allur, en ánægju og þakklæti fyrir að hafa fengið notið návistar hans svo lengi sem raun varð vitni. Fáa menn hef ég hitt svo heilsteypta og trausta á lífsleiðinni sem afa. Mínu takmarki í lífinu tel ég best náð ef ég get tamið mér eiginleika hans og þá þætti í fari hans sem einkennu hann hvað mest og samferðamenn hans heilluðust af, heiðarleika, trúmennsku og áreiðanleika ásamt góðmennsku og glaðvæð og jákvæðu viðhorfi til hlutanna. Eg er afar stoltur af að hafa átt slíkan mannkost að vini og afa sem Guðmundur á Bala var. Blessuð sé minning afa á Bala.

Guðmundur G. Haraldsson.

Þeim fækkar sífellt aldamóta-börnunum sem ég þekki. Fólkinu sem veitti mér og jafnöldrum mínum svo ómetanlegan þroska. Þetta fólk vann og vann, féll aldrei verk úr hendi og hafði ánægju af vinnu sinni. Já, það var þakklátt fyrir að geta unnið. Þetta fólk lifði hörmungar til lands og sjávar, skæða sjúkdóma svo sem spænsku veikina og berklana. Og það sem lifði af þessi áföll var ætíð þakklátt fyrir tilveru sína og nýtti sér reynsluna til þroska. Þessi kynslóð gekk ekki mörg ár í skóla eins og nú tíðkast og þykir sjálfsagt, tvö til fjögur ár þótti gott. Samt vissi þetta fólk næstum allt að manni fannst. Það

las mikið, drakk í sig allar fréttir sem bárust, talaði saman og upp fræddi þannig hvert annað. Og síðar þegar útvarpið kom nýtti það sér menninguna sem þar var fram borin. Það lifði líka tíma mikilla framfara og uppbyggingar eftir stríð.

Einn í hópi þessara aldamótabarna var Guðmundur Guðmundsson, bóndi á Bala á Miðnesi, sem nú hefur kvatt þennan heim í hárru elli. Að Bala flutti hann ungur að árum og kaus að velja heimili sínu stað á æskulóðunum. Guðmundur var ávallt glaður í bragði, kvikur í spori og mikill eljumaður. Ég minnst áhuga hans er hann vann að endur-reisn landshafnar á Stafnesi. Það duldist engum að þar vann hann að hjartans máli, enda nokkuð merki-legt að á öldum áður komu konungsskip til hafnar á Stafnesi.

Guðmundur var mjög trúður maður og einhvern vegin skynjaði ég umhverfið þannig að verkin sem hann vann fyrir kirkjuna sína á Hvalsnesi veittu honum mikla lífsfyllingu. Þau gengu alltaf fyrir öðru hvernig sem á stóð. Honum hlotnaðist sá heiður að finna legstein Steinunnar Hallgrímsdóttur (Péturssonar) þegar hann ásamt fleirum vann við endurgerð kirkjustéttarinnar á Hvalsnesi 1964. Á þeim tíma var hann formaður sóknarnefndar, en því starfi gegndi hann um árabil. Síðar tók hann við starfi meðhjálpara að föður mínum gengnum og sinni því af alúð í nokkur ár. Ekki er hægt að minnst Guðmundur á Bala án þess að minnst sé á Guðrúnu konu hans, en hún lést 1987, svo samtaka voru þau alla tíð ekki síst í trúarlífni. Þar virtust þau vera ein sál. Ég man hversu fallega hann minntist konu sinnar þegar hann afhenti minningargjöf um hana á 100 ára afmæli Hvalsneskirkju. „Það var hennar styrkur að sjá kirkjuna sína út um eldhúsgluggann á morgnana.“

Ég minnst úr heimahúsum gagnkvæmrar vináttu heimilanna á Bala og Hvalsnesi. Ég er þakklát fyrir að hafa kynnst og notið þeirrar hlýju sem af henni stafaði. Ég þakka af alhug þeim hjónum fyrir alla þá hjálp og styrk er þau veittu svo fúslega oft á erfiðum stundum í veikindum þabba og við fráfall hans. Og þá umhyggju sem þau síðan sýndu mömmu meðan hún lifði. Hún taldi sig svo heppna að eiga þau að vinum.

Blessuð sé minning Balahjónanna.

Íðunn Gróa Gísladóttir.

GUÐRÚN  
GUÐMUNDSDÓTTIR

Guðrún Guðmundsdóttir fæddist í Reykjanesi í Grímsnesi 8. maí 1918. Hún lést á Landspítalanum 3. apríl síðastliðinn. Foreldrar hennar voru Guðmundur Guðjónsson og Ingibjörg Hróbjartsdóttir.

Guðrún giftist Jóni Guðmunds Kristjánssyni árið 1958. Hann lést árið 1970. Þau eignuðust eina dóttur, Ingibjörgu. Maki hennar er Sveinbjörn Reynir



Einarsson og eiga þau eitt barn, Guðrúnu Þóru.

Guðrún Guðmundsdóttir lærði kjólasaum og fékk meistarabréf í iðn sinni árið 1946. Sama ár stofnaði hún saumastofu í Reykjavík ásamt Borghildi Magnúsdóttur. Hún vann að mestu við iðn sína alla sína starfsævi.

Útför Guðrúnar verður gerð frá Langholtskirkju í dag og hefst athöfnin klukkan 13.30.

Ég vil hér minnst tengdamóður minnar, Guðrúnar Guðmundsdóttur. Þegar ég lít til baka til þess tíma er ég kynntist henni fyrst, man ég hversu vel hún tók mér. Okkur varð strax vel til vana, og hélt vinskapur okkar allt til hennar síðasta dags.

Guðrún var hlýleg manneskja, glaðleg, jákvæð og trygglynd, með mikinn lífsvilja og hafði ánægju af lífinu, alltaf vinnusöm og dugleg. Hún hafði gaman af að umgangast fólk, ferðast og gera vel við sjálfa sig. Það leyfði hún sér síðustu árin.

Guðrún var af þeirri kynslóð sem var mótuð af því að fara varlega og forðast tvísýnu. Að vera sjálfri sér nóg og ekki upp á aðra komin voru hennar einkunnarorð.

Alltaf var hún einstaklega hjálpsöm og búngóð. Öllum vildi hún vel og hvers manns vanda leysa.

Ég þakka góðan vinskapi og ánægjulegar samverustundir og kveð með söknuði góða konu.

Ég bið Guð að blessa minningu Guðrúnar Guðmundsdóttur. Sveinbjörn R. Einarsson.